



ORKUSTOFNUN

Skýrsluútgáfa. Yfirlestur á skýrslum

Páll Ingólfsson

Greinargerð PI-1979

Samkvæmt núverandi reglum Orkustofnunar um skýrslugerð og útgáfu skulu handrit yfirfarin með tilliti til efnis af a.m.k. tveim sérfræðingum öðrum en höfundur um áður en skýrsla er gefin út.

Útgáfustjóri tekur við handritum og metur, hvort þau eru tilbúin til yfirlestrar. Hann ákveður síðan í samráði við forstöðumenn deilda hverjir skuli annast formlegan yfirlestur og kemur handritum áleiðis til yfirlesara.

Á meðfylgjandi blaði er spurningalisti, þar sem talin eru upp helstu atriðin, sem hafa ber í huga við efnislegan yfirlestur á skýrslum, og eru yfirlesarar beðnir að fylla hann út að loknum yfirlestri ásamt matinu neðst á síðunni, sem er nokkurs konar heildarniðurstaða yfirlestrar. Að lokum skrifa yfirlesarar nafn sitt undir. Þessi spurningalisti er fyrst og fremst ætlaður sem hjálpartæki við yfirlesturinn. Ekki er víst að hann eigi við að öllu leyti í öllum tilfellum.

Auk þess að svara spurningunum ber yfirlesurum að gera skriflegar athugasemdir við þau efnisatriði, sem þeir telja að sé ábótavant. Þar á að koma fram hvaða endurbóta þeir telji þörf. Slikar athugasemdir má gera á það eintak sem viðkomandi fá til yfirlestrarar eða á sérstakt blað sem látið er fylgja með yfirlesnu handriti. Yfirlesarar eru einnig beðnir að gera athugasemdir við öll þau atriði önnur, sem þeir telja að þarfist lagfæringa, en ekki falla beinlinnis undir ofangreindan lista. Auk efnislegra athugasemda er æskilegt að benda á atriði sem betur mega fara með tilliti til málfars.

Að loknum yfirlestri skal skila handriti ásamt spurningalista og athugasemnum til útgáfustjóra, sem varðveitir eyðublaðið og kemur handritum áleiðis til höfunda.

Þegar höfundar ganga frá handriti í endanlegu formi ber þeim að hafa samráð við yfirlesara varðandi athugasemdir þeirra. Komi upp ágreiningur um einhver efnisatriði milli höfunda/r og yfirlesara skal málíð lagt fyrir útgáfustjóra til úrlausnar.

Varðandi yfirlestur með tilliti til málfars (umfram það sem að ofan segir) skal útfáfustjóri sjá um að öll handrit að skýrslum, þar sem þess er talin þörf, séu yfirfarin og málfar þeirra lagfært.